

Þróunarsjóður innflytjendamála 2011

Heiti verkefnis: Eitt samfélag í orði og á borði

Nafn styrkþega: Rangárþing eystra

Útdráttur: Verkefnið snýst um að efla móttöku innflytjenda með markvissum hætti en í því felast kynningar, öflugari leiðsögn og eftirfylgni með það fyrir augum að koma í veg fyrir einangrun þeirra í samfélaginu. Verkefnið á líka að stuðla að því að menntun, reynsla og kraftar fólks af erlendu bergi brotnu séu að nýtast þeim sjálfum og samfélaginu. Starfsmaður, með pólsku sem móðurmál, var ráðinn í 25% starf til að sinna þessu verkefni. Sá starfsmaður hefur unnið að því að hjálpa einstaklingum af erlendu bergi brotnu með þýðingar, túlkanir og fleira tilfallandi. Einnig sá þessi starfsmaður um gerð bæklinga sem allir þeir sem flytja í sveitarfélagið og hafa pólsku að móðurmáli fá afhentan. Starfsmaðurinn hefur fastan skrifstofutíma einu sinni í viku og er sá tími ávallt fullnýttur. Þessi starfsmaður, sem er kennaramenntaður, hefur einnig komið að íslenskukennslu nýbúa á vegum Fræðslunets Suðurlands og nær þar með einnig að tengjast betur inn í samfélag nýbúa. Starfsmaður verkefnisins heldur áfram á sömu braut og mun á næstunni m.a. taka þátt í að móta nýbúastefnu Leikskólans Arkar á Hvolsvelli. Ljóst er að verkefnið hefur skilað þeim árangri að sýnileiki og þátttaka fólks af erlendu bergi brotnu hefur stóraukis í samfélaginu. Fólk er nú upplýst um sín réttindi og skyldur, getur betur tekið þátt í daglegum verkefnum innan samfélagsins, t.d. gagnvart skóla og atvinnu og hefur tekið meira þátt í uppákomum í sveitarfélaginu. Verkefnið hefur sannað gildi sitt og hversu mikil þörf var fyrir að taka á málefnum nýbúa í sveitarfélaginu.